



Hagstofa Íslands

Upplýst samfélag

Staðfesting á trúnaði og öryggi.

Vegna umsóknar xxxx/xxxx um aðgang að örgögnum.

Greiningaraðili sem sækir um aðgang að örgögnum Hagstofunnar staðfestir með undirskrift sinni að:

- Gögn Hagstofu sem greiningaraðili fær aðgang að verði eingöngu notuð í þágu verkefnis sem lýst er í umsókn þessari um aðgang að trúnaðargögnum.
- Greiningaraðili heitir fullum trúnaði um upplýsingar sem er að finna í gögnum Hagstofunnar sem hann fær aðgang að.
- Aðrir en þeir sem tilgreindir eru í umsókninni fá ekki aðgang að gögnum Hagstofunnar eða innskráningarupplýsingum til þess að nota rannsóknahverfi Hagstofunnar.
- Hagstofu verði tilkynnt um lok rannsóknar og fær upplýsingar um birtingu niðurstaðna.
- Í öllum birtingum á niðurstöðum rannsóknarinnar verði þess getið að gögnin komi frá Hagstofu Íslands.
- Greiningaraðila sé ljóst að Hagstofa Íslands dylur rekjanleika gagna sem greiningaraðili fær aðgang að samkvæmt reglum Hagstofunnar um öryggi og rekjanleika og kveðið er á um í 13. grein Laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð (163/2007).
- Greiningaraðila sé skylt að láta Hagstofu Íslands vita ef hann verður var við eitthvað sem betur mætti fara í öryggi gagnanna.
- Greiningaraðili mun ekki vista nein gögn nema í þess til gerða möppu á rannsóknahverfi Hagstofunnar eða taka afrit af þeim með neinum hætti.
- Greiningaraðili mun ekki vista neinar utanaðkomandi upplýsingar inn á rannsóknahverfi Hagstofunnar.
- Greiningaraðila sé ljóst að til þess að tryggja öryggi gagnanna mun ekki verða tekið afrit af vinnu greiningaraðila á gögnunum á rannsóknahverfi Hagstofunnar.
- Greiningaraðila sé ljóst að starfsmaður Hagstofunnar muni fylgjast með vinnu greiningaraðila á rannsóknahverfi Hagstofunnar.
- Greiningaraðila sé ljóst að starfsmaður Hagstofunnar muni leggja mat á þau gögn sem greiningaraðili vistar í þar til gerða möppu og senda greiningaraðila þau gögn (þ.e., niðurstöður) sem uppfylla öryggisskilyrði Hagstofunnar um rekjanleika gagna.
- Brjótí greiningaraðili reglur þessar muni bakhjarl verkefnisins missa stöðu sína sem slíkur aðrir aðilar geti þá ekki sótt um aðgang að örgögnum Hagstofu Íslands til rannsókna og greininga. Jafnframt verður aðgangi greiningaraðila að gögnunum tafarlaust lokað.
- Greiningaraðila sé ljóst að misnotkun á gögnum Hagstofunnar eða röng meðferð á þeim getur varðað við lög. Ef grunur leikur á um að greiningaraðili hafi brotið lög mun Hagstofan loka aðgangi hans að gögnunum tafarlaust og vísa málinu áfram til viðeigandi stjórnvalda.
- Greiningaraðila sé ljóst að gögn verði aðgengileg í 4 ár frá þeim tíma sem aðgangur að gögnum er opnaður, nema um annað sé sérstaklega samið. Ljúki rannsókn fyrr skal tilkynna lok rannsóknar til Hagstofunnar án tafar.



Hagstofa Íslands

Upplýst samfélag

Staður og dagsetning

Undirskrift greiningaraðila